

víku skammtur



AF HÚSABLAÐAMAT

Ég held það líði yfir mig, ef ég hitti blaðamann, sem ætti þá ósk heitasta að fá að frumsemja blaðamat á setjaravélar. Að fá vinnu aðstöðu í Blaðaprenti eða einhverri annarri ofsetprentsmiðju, undirlagðri af skarkalamengun og pikka hugaróra sína með tveim puttum á hundraðmiljón króna tölvustýrða kompjúterritvél. Maður fengi martröð.

Mér skilst að vinnustöðvun prentara sé af því sprottin að þeir vilji ekki að blaðamenn frumsemji eða skrifi beint á setjaravélar. Sannfærður er ég um það að ef blaðamönnum yrði sagt að nú ættu þeir að fara að nota setjaravélar til að vélrita á þá færu þeir umsvifalaust í verkfall, svo ekki fer milli mála að allir eru sammála. Prentarar vilja ekki að blaðamenn skrifi á setjaravélar og blaðamenn vilja ekki skrifa á þær. Með öðrum orðum ekki um annað að ræða en boða vinnustöðvun, því nú riður á að þrasa.

Og þess vegna var það að með helgarblaði Þjóðviljans um þessa helgi, átti að koma svonefnt „Húsablað“ (a.m.k. þegar þetta er skrifað).

Húsablaðið átti að verða fylgiblað með föstudagsblaðinu og fjalla um sem flest það, sem húsbýggjendur varðar. Kannske kemur húsablaðið ekki fyrr en um næstu helgi.

Auðvitað verð ég að haga seglum eftir vindi og þess vegna kemur vikuskammturinn nú á föstudegi og er helgaður húsbýggingarmálum.

Til að geta sett saman slíkt greinarkorn verð

ég að hugleiða hvað þeim kemur til með að yfirsjást í Húsablaðinu, þegar og ef það kemur. Ég er sannfærður um að þeir gleyma ekki að fjalla um einangrunina, þar sem það verður tíundað í löngu máli hvernig orkan, ylurinn og peningarnir streymi útum glugga og hurðir, veggi og loft og gólf, jafnvel þó þess sé gætt að hafa þrefalt gler og alla glugga lokaða að staðaldri, að ekki sé nú talað um hurðir, já samt tapast 75% af orkunni og ylnum og restin verður að engu í svonefndri „loftskiptingu við umhverfið“. Þá hefðu lesendur fengið að njóta ráðgjafar um það, hvernig bókaskápum eigi ekki að stilla upp, t.d. fyrir framan miðstöðvarofna og að hiti sé þeirrar náttúru að hann hafi tilhneigingu til að leita uppí loft. En í Húsablaðinu er ég hræddur um að eitt gleymist, en það er að gefa húsbýggjendum góð ráð um það hvernig haga skuli viðskiptum við iðnaðarmenn. Hvað á húsbýggjandi að gera, þegar hitinn fer af húsinu hans af því að nippilstýring stúfþynnustuðventilsins í rennslisrofnum virkar ekki á segullokann? Hann nær auðvitað í pípulagningarmann. Og hann er sveimér heppinn að píparinn kemur til að segja honum, að allt þetta mál heyrir undir rafvirkjann. Síðan vísa þessir tveir á hvor annan í þrjár vikur, en þá átti þannilinn að vera orðinn þurr, svo smiðurinn gæti byrjað. Allt er komið í hnút.

Hætt er við að í Húsablaðinu gleymist að ráða þeim heilt sem ná þurfa í iðnaðaruppmælingamenn, en að lögð verði áhersla á að

brýna fyrir þeim sem eru að byggja að draga (þegar þeir eru búnir að byggja) gluggatjöldin vel fyrir lokaða svefnherbergisgluggana, þegar gengið er til náða, svo að ríkjandi hitastig og andrúmsloft fái að leika létt um vit rekkjuna og að orkutap verði sem minnst yfir nóttina.

Nei, húsbýggjendum verður ekki sagt með hvaða hætti hægt sé að hafa uppá iðnaðarmönnum, eða lánsfé með 50% vöxtum. Hins vegar kemur í blaðinu sennilega landakort þar sem vísað er á textilhönnuði að velja gardínur.

Textilhönnuðir hafa nefnilega lýst því yfir, að fólk kunni ekki að velja gardínur, af því að gat sé á skólakerfinu og að verkmenntun hafi verið forsmáð síðan baðstofulífið leið undir lok.

En í Húsablaðinu mun gleymast að ráða þeim húsbýggjanda heilt, sem loksins er búinn að fá rafvirkja til að „draga í“, en þá kemur í ljós að múrararnir hafa múrað allar rafmagnsdósir inni vegginn. Ég get svo sem ráðið framúr þessum vanda. Bara brjóta veggina upp aftur og finna dósirnar. Þegar það er svo búið er ekkert annað eftir en að reyna að finna rafvirkjana aftur. Ef þeir svo finnast, þá draga þeir í, eins og upphaflega stóð til. Og þegar það er búið, þá er að finna múrarana aftur, og svo múra þeir aftur vegginn, sem þeir voru að brjóta niður, en húsbýggjandinn fer í apótekið og kaupir sér Líbríum, Valíum og Moggadon. Hann er orðinn talsvert tæpur á tauginni og húsið varla tilbúið undir tréverk.


Hætt er við að í Húsablaðinu gleymist að fjalla um líkams- og sálarheill þess manns, sem búinn er að „byggja“ eins og það er kallað og eytt hefur bestu árum ævinnar í það að koma sér þaki yfir höfuðið hér á Íslandi. Þeim manni er nefnilega oft líkt farið og skáldinu í Gerplu, hann hefur keypt húsið við friðleik sjálfs sín og heilsu, hendi og fæti, hári og tönn.

Eða eins og segir í hátíðarljóði Húsbyggjendafélagsins:

Húsbyggjendur lúnir liggja
líða tekur mjög á kvöld.
Nú er loksins búið að byggja
og bíður þeirra grófin köld.

Flosi.

um helgina



Ljósmyndir í Djúpinu

Guðrún Tryggvadóttir heitir ung listakona, sem opnar á morgun sína fyrstu einkasýningu í Djúpinu við Hafnarstræti. Guðrún stundaði nám við MHÍ árin 1974–78, síðan í París í eitt ár og s.l. vetur nam hún við Akademiuna í München, og fer þangað aftur í vetur. Á sýningunni er eitt verk, sem samanstendur af 80–90 pörtum, ljósmyndum, ljósritum ofl. Verkið er ekki til sölu, enda sagðist Guðrún ekki vera að þessu til að

selja, heldur til að segja eitt-hvað. En hvað það er sem hún vildi segja verða menn að kynna sér með því að sjá sýninguna, það verður ekki sagt í einni setningu.

— Það má kannski segja að þetta sé leikur með orð og merkingu orða, — sagði Guðrún. Þá sagðist hún vilja vona að þetta flokkast undir nýja list, en sér væri illa við hugtakið „nýlist“.

— ih

Langbrókar í Landlæknishúsinu. Bernhöftstorfu.

Myndirnar eru unnar á þessu ári, og flestar snúast þær á einhvern hátt um landslag. Þær eru allar til sölu. Sýningin verður opin til 17. október, kl. 12 til 18 virka daga, en lokað á kvöldin og um helgar.

Þetta er fyrsta sýningin sem sett er upp í sýningarherbergi Langbrókar á Torfunni, en fyrirhugað er að ýmissonar sýningar verði þar að jafnaði. — ih

Rúna sýnir í Gallerí Langbrók

Rúna, öðru nafni Sigrún Guðjónsdóttir, opnar í dag sýningu á nýjum leirmyndum og teikningum í sýningarherbergi

Haustsýning FÍM

Á morgun verður opnuð að Kjarvalsstöðum hin árlega haustsýning Félags Íslenskra myndlistarmanna. Fimm myndlistarmönnum hefur sérstaklega verið boðið að sýna þar verk sín, en auk þess hefur sami háttur verið hafður á og venjulega, að félagsmenn senda myndir sínar til sýningarnefndar, sem velur úr verkunum.

Þeir fimm sem mynda kjarna sýningarinnar eru: Asgerður E. Búaadóttir, Guðmundur Benediktsson, Leifur Breiðfjörð, Valtýr Pétursson og Þórður Hall. Það er nýbreytni hjá félaginu að bjóða svo mörgum gestum á haustsýningu. FÍM hefur látið prenta fimm póstkort eftir myndverkum gesta, og verða þau til sölu á sýningunni, ásamt með kortunum sem gerð voru í tilefni af sýningu Sigurjóns Ólafssonar í FÍM-salnum á síðustu Listahátíð.

Það er áratuga hefð hjá FÍM að halda haustsýningu á verkum félagsmanna, og má rekja rætur hennar til Listamannaskálans sáluga. Sýningin er mjög stór að þessu sinni, og verður uppi í vestursalnum og á göngum Kjarvalsstaða til sunnudagskvölds 12. október. Á sýningunni eru teikningar, málverk, vatnslitamyndir, glermyndir, höggmyndir ofl. Opíð er frá tvö til tíu daglega.

Á síðustu haustsýningu bauð FÍM áhugamönnum um myndlist að gerast styrktarfélagar. Þetta fékk góðar undirtektir, og á sýningunni nú gefst mönnum kostur á að komast í tölu styrktarféлага. Þeir greiða FÍM ákveðið árgjald og taka þátt í happdrætti, sem ætlunin er að halda einu sinni á ári. Er þá dregið úr myndum í eigu félagsins. Dregið verður í happdrættinu meðan haustsýningin 1980 stendur yfir.

— ih

LARS HOFSSJÖ

Hinn þekkti sænski listamaður Lars Hofsjö opnar á morgun sýningu á verkum sínum í FÍM-salnum við Laugaveg. Sýnir hann þar teikningar af stórum veggskreytingum, vatnslitamyndir, grafik og nokkur veggteppi.


Lars Hofsjö hefur fengist mikið við skreytingar opinberra bygginga. Hann hefur einnig haldið fjölda einkasýninga í heimalandi sínu og víðar. Þá hefur hann umsjón með listaverkasöfnum skólanna í Stokkhólmi og sér um upplýsingar og fræðslu þar að lútandi. Hann var formaður Norræna myndlistarbandalagsins um árabíl, allt til 1979. Í fréttatil-

kynningu frá FÍM segir, að sýning hans í FÍM-salnum sé „þakklætisvottur féлага í FÍM fyrir vel unnin störf að félagsmálum norrænna myndlistarmanna“, og telji félagið mikinn feng að komu hans hingað.

Listamaðurinn hefur áður komið hingað til lands, og eru nokkrar myndir hans heðan. Hann heldur fyrirlestur um stöðu sænskrar myndlistar í Norræna húsinu 6. október n.k. kl. 20.30.

Sýningin í FÍM-salnum verður opnuð kl. 4 á morgun, laugardag og lýkur 12. okt. Opíð verður kl. 17–22 virka daga og kl. 14–22 um helgar.

— ih



Ljóðalestur

Á sunnudagskvöldið kl. 9 mun Stefán Snævarr lesa upp úr nýrri ljóðabók sinni, Sjálfssalinn, sem kemur út hjá Mál og menningu innan tíðar. Upplæsturinn verður framinn í Félagsstofnun stúdenta.

Tónleikar í Kristskirkju

Þýski organistinn Almut Rössler leikur á fyrstu tónleikum vetrarins fyrir styrktarféлага Tónlistarfélagssins í Kristskirkju kl. 16 á morgun, laugardag.

Almut Rössler er einn þekktasti organisti Þýskalands, og prófessor í orgelleik við Tónlistarháskóla Rínarlanda í Düsseldorf. Á tónleikumum á morgun leikur hún verk eftir Messiaen, og einnig eftir Nikolaus Bruhns og J.S.Bach.

Almut Rössler leikur nú í fyrsta sinn hér á landi. — ih

Strengjakvartett frá Kaupmannahöfn

Köbenhavns Strygekvarter leikur á fyrstu tónleikum Kammermúsikkлубbsins á þessu starfsári, sem haldnir verða í Bústakirkju kl. 20.30 á sunnudag.